



NÁMSKRÁ

FRÆÐSLA Í FORMI OG LIT





Nafn námskrár:

Fræðsla í formi og lit.

Námskrár númer 18-243-1-432.

Vinnustundir námsmanns:

432 klukkustundir.

Hverjum ætlað:

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldri en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Fjöldi eininga:

Allt að 21 framhaldsskólaeiningar.

Útgefandi:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

1. útgáfa, 2018.

Efnisyfirlit

Námskrá	1
Skipulag	2
Hæfniviðmið náms	2
Námsmat	3
Frjálst val	3
Námsþættir	4
Samskipti	5
Námstækni	6
Teikning	7
Lita- og formfræði	8
Hlutföll í mannlíkamanum	9
Saga myndlistar	10
Starfsþjálfun	11
Lokaverkefni	12
Viðaukar	13
Hæfnipættir námsþátta.....	14
Færnimappa og / eða verkdagbók	20

Námskrá

Námskráin Fræðsla í formi og lit lýsir námi á fyrsta þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í átta námsþætti. Markmið námsins er að auka færni námsmanna í myndlist, listasögu og skapandi starfi. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn efli færni sína og sjálfstraust, þjálfí sjónræna athygli sína og persónulega tjáningu á tvívíðan flöt ásamt því að tileinka sér margskonar aðferðir við myndsköpun. Tilgangur námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms á sviði lista og auðvelda námsmönnum að örva og nýta skapandi hæfileika sína og koma auga á ný tækifæri í framtíðinni. Jafnframt er áhersla lögð á almenna starfshæfni námsmanna á fyrsta þrepi eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Námið er ætlað þeim sem hafa áhuga á skapandi starfi, hugmyndavinnu, myndgerð, framsetningu myndlistar og myndlistarsögu. Það hentar þeim sem vilja nýta námið til að styrkja stöðu á vinnumarkaði í fjölbreyttum atvinnugreinum list- og verkgreina sem og þeim sem vilja nýta það sem grunn að áframhaldandi námi.

Námið er 432 klukkustundir. Mögulegt er að meta námið til 21 einingar á framhaldsskólastigi.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk hans er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum og eru í samræmi við eðli sköpunar, lista og listasögu. Æskilegt er að leiðbeinendur hafi í huga alla námsþætti námskrárinnar og leitist við að nota raunveruleg viðfangsefni. Leitast er við að laða fram styrk hvers og eins með margþættum aðferðum, sem efla skapandi og frjóa hugsun. Þannig verður námið sveigjanlegt og einstaklingsmiðað sem leiðir af sér aukin tækifæri einstaklinga og sterkari stöðu þeirra, hvort sem er í atvinnuleit, á vinnumarkaði eða í frekara námi.

Í námskránni eru eftirfarandi hugtök notuð í tiltekinni merkingu:

- Grunnform: hringur, ferningur, þríhyrningur, kúla, kassi, keila.
- Skygging: grátónar.
- Litafræði - Grunnlitir: blár, gulur, rauður. - Hjálitir: appelsínugulur, fjólublár, grænn.
- Myndbygging: samsetning þátta á myndfleti, form, litur, uppröðun, jafnvægi.
- Rými: umhverfi, hlutir að innan- og utanverðu, fjarlægð og nálægð.
- Hlutföll: mælieiningar á móti fyrirmynd.

Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Lykilþáttum í sögu listarinnar í Evrópu og á Íslandi.
- Undirstöðupáttum myndlistar.
- Gagnlegum aðferðum í samskiptum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota fjölbreyttar teiknaðferðir og áhöld.
- Beita faglegum vinnubrögðum.
- Nota margs konar tæknaðferðir.
- Vinna með uppbyggingu á myndfleti með tilliti til lita og forma.
- Vinna með öðrum við lausnaleit.
- Skynja mikilvægi lista í allri menntun okkar og menningu.
- Setja fram myndverk með tilliti til myndbyggingar.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera grein fyrir helstu stefnum og stílum listsköpunar á Íslandi og í Evrópu.
- Tileinka sér grunnatriði í teikningu.
- Tileinka sér grunnatriði í málun, litafræði og myndbyggingu.
- Átta sig á tengslum myndlistar við aðrar listgreinar.

- Sýna raunsæja trú á eigin getu.
- Fanga hugmyndir í skissubók og þróa þær.
- Tileinka sér jákvætt viðmót.
- Eiga árangursrík samskipti..

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með matsaðferð/um sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum. Viðmið frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um almenna starfshæfni á fyrsta og öðru þrepi má leggja til grundvallar við námsmat.

Frjálst val

Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang þess. Breytingar sem nema meira en 10% eru aðeins heimilaðar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst.	Prep
<i>Samskipti</i>	F-SASA1SJ	14	1
<i>Námstækni</i>	F-NÁTÆ1NM	12	1
<i>Teikning</i>	F-LSTR1HT	60	1
<i>Lita- og formfræði</i>	F-LSTR2FO	60	2
<i>Hlutföll í mannlíkamanum</i>	F-LSTR2GR	60	2
<i>Saga myndlistar</i>	F-LSTR2SM	100	2
<i>Starfsþjálfun</i>	F-SÉST1SP	60	1
<i>Lokaverkefni</i>	F-FALO2FL	66	2
Vinnuframlag námsmanns		432	

Samskipti

Prep	1
Vinnustundir	14
Námsgrein	Samskipti og samvinna
Viðfangsefni	Samvinna, sjálfsefling

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla sjálfstraust námsmanna og auka færni þeirra í árangursríkum samskiptum. Fjallað er um grunnþætti samskipta svo sem færni í hlustun, ákveðni, að takast á við áskoranir og setja sig í spor annarra. Í námsþættinum eru þjálfaðar helstu aðferðir í árangursríku samtali svo sem að hlusta, sýna raunverulegan áhuga á aðstæðum annarra og taka þátt í rökræðum um skapandi starf þar sem námsmenn þjálfast í að taka bæði við jákvæðri og neikvæðri gagnrýni.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þáttum sem hafa áhrif á sjálfstraust.
- Lykilatriðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Koma fram af öryggi.
- Setja sig í spor annarra og virða ólík sjónarmið.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í árangursríkum samskiptum.
- Hafa trú á eigin getu.
- Skilja og viðurkenna gildi annarra sjónarmiða og hugmynda.

Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins hverju sinni. Viðmið fyrir hæfnipætti í skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á almennri starfshæfni á 1. þrepi má einnig leggja til grundvallar við námsmat: Aðlögunarhæfni, Ábyrg nýting, Árangursrík samskipti, Jafnréttisvitund, Mat og lausnir, Samvinna, Skipulag og áætlanir, Starfsþróun og færniefning, Söfnun og úrvinnsla upplýsinga, Vinnusiðferði og gildi og Öryggisvitund.

Námstækni

Prep	1
Vinnustundir	12
Námsgrein	Námstækni
Viðfangsefni	Námstækni, námsvenjur, markmiðasetning.

Lýsing

Farið er yfir helstu atriðin sem hafa áhrif á námsgetu og árangur í námi og kynnt áhersluatriði í námstækni. Fjallað er um mismunandi námsvenjur einstaklinga, meðvitaðar og ómeðvitaðar og hvernig námstækni getur hjálpað við að tileinka sér betri námsvenjur ásamt því að kynna hvernig á að setja sér og ná markmiðum í lífi sínu, námi og starfi.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi námstækni og námsaðferðum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Setja sér markmið og gera áætlanir.
- Nota mismunandi lestraraðferðir.
- Nota mismunandi minnisaðferðir.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna eftir markmiðum til að ná árangri.
- Velja námstækni sem hentar eigin námsvenjum.

Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins hverju sinni. Viðmið fyrir hæfnipætti í skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á almennri starfshæfni á 1. þrepi má einnig leggja til grundvallar við námsmat: Aðlögunarhæfni, Ábyrg nýting, Árangursrík samskipti, Jafnréttisvitund, Mat og lausnir, Samvinna, Skipulag og áætlanir, Starfsþróun og færniefling, Söfnun og úrvinnsla upplýsinga, Vinnusiðferði og gildi og Öryggisvitund.

Teikning

Prep	1
Vinnustundir	60
Námsgrein	Listir
Viðfangsefni	Hugmyndavinna, teikning

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að námsmenn öðlist færni í grunnatriðum teikningar og geti unnið með hugmyndir. Námsmenn fanga og þróa sínar eigin hugmyndir í þar til gerðar skissubækur. Þjálfuð eru ýmis grunnatriði í teikningu frumforma, náttúruforma og fjarvíddar.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnatriðum teikningar.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota mismunandi teikniaðferðir.
- Teikna hluti í fjarvídd byggða á einföldum formúlum.
- Vinna að þróun hugmynda.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fanga hugmyndir í skissubók og útfæra þær.
- Nota teikningu sem tjáningarmiðil.
- Virkja eigin sköpunarkraft.
- Setja fram myndverk með mismunandi teikniaðferðum.

Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

Lita- og formfræði

Prep	2
Vinnustundir	60
Námsgrein	Listir
Viðfangsefni	Formskyn, litablöndun, sköpun, uppbygging myndflata

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að námsmenn öðlist færni í að vinna með liti, form og myndbyggingu við sköpun myndverka. Eiginleikar myndflata eru rannsakaðir með tilliti til skapandi sjónrænna þátta og framsetningu. Þjálfað er formskyn með uppbyggingu og samsetningu mismunandi forma og lita.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grundvallarhugtökum og reglum í formfræði.
- Grundvallarhugtökum og reglum í litafræði.
- Myndbyggingu í formi og lit.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Teikna hluti rétta í rými með mismunandi teikniáhöldum og aðferðum.
- Greina grunnformin og túlka með mismunandi teikniáhöldum og aðferðum.
- Vinna með ólík form á tvívíðan flöt.
- Nota mismunandi teikniáferðir og áhöld.
- Vinna með mismunandi liti og form með tilliti til myndbyggingar.
- Blanda fyrirfram ákveðna litatóna.
- Beita mismunandi tækni, litum og áhöldum við sköpun myndverka.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá sig á myndfleti, í teikningu, formi og lit.
- Setja fram myndverk í formi og lit með tilliti til myndbyggingar.
- Setja fram myndverk með mismunandi teikni- og málunaraðferðum.
- Vinna markvisst með myndbyggingu, form og liti.

Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

Hlutföll í mannlíkamanum

Prep	2
Vinnustundir	60
Námsgrein	Listir
Viðfangsefni	Grunnformúlur, mannlíkaminn, módelteikning, sjónræn yfirlærsla

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að efla færni námsmanna í að teikna mannlíkamann í réttum hlutföllum. Framsetning byggist á sjónrænni yfirlærslu með tilliti til grunnforma og hlutfalla þar sem hugtakið fagurfræði er skilgreint út frá akademískum stöðluðum formúlum í módelteikningu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hlutföllum og grunnformúlum í teikningu líkamans.
- Aðferðum við að nota grunnformúlur í teikningu líkamans.
- Aðferðum við að beita tvívíðri teikningu við að túlka þrívíða lifandi fyrirmynd.
- Breytileika mannlíkamans eftir kyni, aldri og persónueinkennum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina grunnformin og tengja þau mannlíkamanum.
- Nota mismunandi teiknaðferðir og áhöld við módelteikningu.
- Yfirlæra þrívíða fyrirmynd á tvívíðan flöt.
- Setja lifandi fyrirmynd á tvívíðan flöt, í mismunandi stellingum.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Teikna eftir lifandi fyrirmynd á tvívíðan flöt, lítinn sem stóran.
- Túlka hreyfingu fyrirmyndar í hraðteikningum.

Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

Saga myndlistar

Prep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Listir
Viðfangsefni	Saga myndlistar

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að námsmenn öðlist grunnþekkingu á sögu myndlistar í Evrópu og á Íslandi. Fjallað er um sögu myndlistar frá fyrri hluta 18. aldar og til nútíma listar í samhengi við evrópska sögu. Farið er yfir helstu stílbrigði sjónlista í samhengi við evrópska sögu og hvernig listin tengdist þjóðfélagslegum aðstæðum á hverjum tíma. Í lok námsþáttarins er fjallað um sögu myndlistar á Íslandi þar sem námsmenn kynnast helstu stíleinkennum og stefnum íslenskrar myndlistasögu frá landnámi fram á 20. öld.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu listamönnum, stíleinkennum og stefnum í evrópskri listasögu frá hellamálverkum til nútímalistar.
- Helstu listamönnum, stefnum og stíleinkennum í íslenskri myndlistarsögu.
- Tæknilegum og félagslegum forsendum listsköpunar í Evrópu á hverjum tíma.
- Tæknilegum og félagslegum forsendum íslenskrar listsköpunar fyrir og nú.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Þekkja og greina verk einstakra listamanna.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Greina stefnur og stíleinkenni í evrópskri myndlistarsögu.
- Greina stefnur og stíleinkenni í íslenskri myndlistarsögu.
- Skilgreininga hugtakið list í tengslum við tíðaranda.

Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

Starfsþjálfun

Prep	1
Vinnustundir	60
Námsgrein	Sérhæfð starfsþjálfun
Viðfangsefni	Starfsþjálfun

Lýsing

Tilgangur þessa námshluta er að styðja við yfirfærslu náms og þjálfna þá þekkingu, leikni og hæfni sem byggð hefur verið upp í náminu. Námsmenn sem eru í starfi sem styður við yfirfærslu námsins fá þennan námsþátt metinn en aðrir skila vinnuframlagi til dæmis í formi verkefna sem uppfyllir hæfniviðmiðin að mati fræðsluaðila. Aukið vægi verkefnavinnu á eingöngu við ef námsmaður hefur ekki tækifæri til að taka þátt í starfsþjálfun.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi árangursríkra samskipta.
- Verkferlum og skipulagi á vinnustað.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita viðeigandi aðferðum.
- Eiga árangursrík samskipti.
- Fylgja fyrirfram ákveðnu verklagi á vinnustað.
- Fylgja góðum starfsháttum í samræmi við stefnu vinnustaðar.
- Vinna sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna af skilvirkni í krefjandi aðstæðum.
- Sýna í verki skilning á siðareglum og gildum.
- Fylgja fyrirfram ákveðnum verkferlum og reglum á vinnustað.
- Leysa algeng verkefni á vinnustað með fullnægjandi hætti.
- Leggja sitt af mörkum til að auka árangur og bæta gæði.

Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu. Viðmið fyrir alla hæfnipætti samkvæmt skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í almennri starfshæfni á 1. þrepi má leggja til grundvallar við námsmat: Aðlögunarhæfni, Ábyrg nýting, Árangursrík samskipti, Jafnréttisvitund, Mat og lausnir, Samvinna, Skipulag og áætlanir, Starfsþróun og færnefning, Söfnun og úrvinnsla upplýsinga, Vinnusiðferði og gildi og Öryggisvitund.



Lokaverkefni

Prep	2
Vinnustundir	66
Námsgrein	Fagtengt lokaverkefni
Viðfangsefni	Fagtengt lokaverkefni

Lýsing

Tilgangur lokaverkefnisins er að gefa námsmanni tækifæri til að samþætta þá hæfni, leikni og þekkingu sem hann hefur aflað sér í öðrum hlutum námsins og öðlast þá sérhæfingu sem hann stefnir að. Námsmaður kemur verkefninu á framfæri á skýran og skilmerkilegan hátt og sýnir fram á að heildarhæfniviðmiðum námsins sé náð.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi undirstöðuatriða í myndlist.
- Tengslum myndlistarsögu við nútímahugmyndir listamanna.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með öðrum.
- Skipuleggja verkefni.
- Finna nauðsynlegar upplýsingar sem þarf við verkefnavinnu.
- Leysa vandamál sem upp koma í verkefnavinnu.
- Kynna niðurstöður verkefnis fyrir öðrum.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja vinnuaðferðir í samræmi við verkefni.
- Tileinka sér grunnatriði myndlistar.
- Meta framgang eigin verkefnis.
- Meta eigin árangur.
- Meta gagnsemi verkefnisins fyrir vinnustaðinn eða starfsgreinina

Viðaukar

Viðaukar
Hæfnipættir námsþátta
Færnimappa og / eða verkdagbók
Leiðbeiningar til kennara

Hæfnipættir námsþátta

Samskipti – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Þáttum sem hafa áhrif á sjálfstraust.				
Lykilatriðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Koma fram af öryggi.				
Setja sig í spor annarra og virða ólík sjónarmið.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Taka þátt í árangursríkum samskiptum.				
Hafa trú á eigin getu.				
Skilja og viðurkenna gildi annarra sjónarmiða og hugmynda.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Námstækni – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mismunandi námstækni og námsaðferðum.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Setja sér markmið og gera áætlanir.				
Nota mismunandi lestraraðferðir.				
Nota mismunandi minnisaðferðir.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Vinna eftir markmiðum til að ná árangri.				
Velja námstækni sem hentar eigin námsvenjum.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Teikning – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Grunnatriðum teikningar.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota mismunandi teikniáðferðir.				
Teikna hluti í fjarvídd byggða á einföldum formúlum.				
Vinna að þróun hugmynda.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Fanga hugmyndir í skissubók og útfæra þær.				
Nota teikningu sem tjáningarmiðil.				
Virkja eigin sköpunarkraft.				
Setja fram myndverk með mismunandi teikniáðferðum.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Lita og formfræði – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Grundvallarhugtökum og reglum í formfræði.				
Grundvallarhugtökum og reglum í litafræði.				
Myndbyggingu í formi og lit.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Teikna hluti rétta í rými með mismunandi teikniáhöldum og áðferðum.				
Greina grunnformin og túlka með mismunandi teikniáhöldum og áðferðum.				

Vinna með ólík form á tvívíðan flöt.				
Nota mismunandi teikniaðferðir og áhöld.				
Vinna með mismunandi liti og form með tilliti til myndbyggingar.				
Blanda fyrirfram ákveðna litatóna.				
Beita mismunandi tækni, litum og áhöldum við sköpun myndverka.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Tjá sig á myndfleti, í teikningu, formi og lit.				
Setja fram myndverk í formi og lit með tilliti til myndbyggingar.				
Setja fram myndverk með mismunandi teikni- og málunaraðferðum.				
Vinna markvisst með myndbyggingu, form og liti.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Hlutföll í mannlíkamanum – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Hlutföllum og grunnformúlum í teikningu líkamans.				
Aðferðum við að nota grunnformúlur í teikningu líkamans.				
Aðferðum við að beita tvívíðri teikningu við að túlka þrívíða lifandi fyrirmynd.				
Breytileika mannlíkamans eftir kyni, aldri og persónueinkennum.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Greina grunnformin og tengja þau mannlíkamanum.				
Nota mismunandi teikniaðferðir og áhöld við módelteikningu.				
Yfirfæra þrívíða fyrirmynd á tvívíðan flöt.				
Setja lifandi fyrirmynd á tvívíðan flöt, í mismunandi stellingum.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4

Teikna eftir lifandi fyrirmynd á tvívíðan flöt, lítinn sem stóran.				
Túlka hreyfingu fyrirmyndar í hraðteikningum.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Saga myndlistar – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu listamönnum, stíleinkennum og stefnum í evrópskri listasögu frá hellamálverkum til nútímalistar.				
Helstu listamönnum, stefnum og stíleinkennum í íslenskri myndlistarsögu.				
Tæknilegum og félagslegum forsendum listsköpunar í Evrópu á hverjum tíma.				
Tæknilegum og félagslegum forsendum íslenskrar listsköpunar fyrr og nú.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Þekkja og greina verk einstakra listamanna.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Greina stefnur og stíleinkenni í evrópskri myndlistarsögu.				
Greina stefnur og stíleinkenni í íslenskri myndlistarsögu.				
Skilgreininga hugtakið list í tengslum við tíðaranda.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Starfsþjálfun – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mikilvægi árangursríkra samskipta.				

Verkferlum og skipulagi á vinnustað.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Beita viðeigandi aðferðum.				
Eiga árangursrík samskipti.				
Fylgja fyrirfram ákveðnu verklagi á vinnustað.				
Fylgja góðum starfsháttum í samræmi við stefnu vinnustaðar.				
Vinna sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Vinna af skilvirkni í krefjandi aðstæðum.				
Sýna í verki skilning á siðareglum og gildum.				
Fylgja fyrirfram ákveðnum verkferlum og reglum á vinnustað.				
Leysa algeng verkefni á vinnustað með fullnægjandi hætti.				
Leggja sitt af mörkum til að auka árangur og bæta gæði.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Lokaverkefni – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mikilvægi undirstöðuatriða í myndlist.				
Tengslum myndlistarsögu við nútímahugmyndir listamanna.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Vinna með öðrum.				
Skipuleggja verkefni.				
Finna nauðsynlegar upplýsingar sem þarf við verkefnavinnu.				
Leysa vandamál sem upp koma í verkefnavinnu.				
Kynna niðurstöður verkefnis fyrir öðrum.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Velja vinnuaðferðir í samræmi við verkefni.				
Tileinka sér grunnatriði myndlistar.				

Meta framgang eigin verkefnis.				
Meta eigin árangur.				
Meta gagnsemi verkefnisins fyrir vinnustaðinn eða starfsgreinina.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Færnimappa og / eða verkdagbók

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni að þær upplýsingar sem skráðar hafa verið séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir færnimöppuna þína eða verkdagbókina, veita þér endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

Dagsetning	Staður	Undirskrift þátttakanda

Dagsetning	Staður	Undirskrift umsagnaraðila



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI